

**88. fundur skráningarráðs** haldinn 21. janúar 2015 í húsakynnum Landskerfis bókasafna kl. 14-1

**Fundarmenn:** Hallfríður Hr. Kristjánsdóttir, Rósa S. Jónsdóttir (formaður), Þóra Sigurbjörnsdóttir og Áslaug Þorfinnsdóttir (fundarritari).

Einnig sátu fundinn Hildur Gunnlaugsdóttir ritstjóri Gegnis, Sigrún Hauksdóttir þróunarstjóri Landskerfis bókasafna og Magnhildur Magnúsdóttir verkefnisstjóri RDA innleiðingarið

**Fundargerð:** Farið var yfir fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt.

**Hlutverk skráningarráðs** í innleiðingarteymi RDA reglnanna var rætt. Í framhaldi af því var ákveðið að fara þess á leit við landsbókavörð að skipaður verði stýrihópur til að fylgja verkefninu. Rósa tekur að sér að semja drög að bréfi.

**Val á höfði samkvæmt RDA reglunum.** Erfiðlega hefur gengið að finna reglu um val á höfði í RDA regluverkinu. Svo virðist að með breyttu verklagi sé val á höfði ekki lykilatriði en „access points“ eru fjölmargir. Reynt hefur verið að skoða dæmi í öðrum gagnagrunnum en dæmin eru misvísandi. Svo virðist vera að ef um er að ræða marga höfunda sem vinna saman (collaboration) er sá fyrsti skráður í 100, ef um er að ræða safnrit (compilation) þá er skráð á titil og líka ef höfundaraðildin fellur undir „contributors“. „Contributor“ virðist fá sama sess og ritstjóri (editor).

**Skráning rafbóka fyrir lesbretti.** Skráning á rafbókum fer nú fram á Landsbókasafni. Ef rafbækur hafa ISBN númer kemur formið fram í sviði 020 (t.d. mobi eða epub). Ef ritið ber ekki ISBN númer er formið tilgreint í sviði 538 \$a.

Skráning rafbóka án blaðsíðutals: Í sviði 300 \$a skal standa Rafbók.

**Greining mynda og korta í bókum skv. RDA.** Þegar bók er að meginhluta myndir er svið 336 tvítekið, annars vegar fyrir texta, hins vegar fyrir myndir

#### **Önnur mál.**

Hildur leggur til að Typ svið verði notuð til að draga út efni sem Íslendingar eiga aðild að. Útgangspunktur er svið 100 4 og 700 4.

Rósa bendir á að doktorsritgerðir margra Íslendinga séu aðgengilegar á PDF formi á netinu. Það þyrfti að leggja vinnu í að skrá þær í Gegni.

Fleira var ekki rætt og var fundi slitið kl. 16 og næsti fundur ákveðinn þriðjudaginn 10. febrúar 2015.